

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal toll- eða löggæslumaður lesa af öikumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtu- manni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkv. b-lið 1. gr., staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn og skulu þá ákvæði 6. gr. reglugerðar 511/1979 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

#### 4. gr.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viður- lög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr., skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 511/1979 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. og reglugerðar nr. 62/1977 um öikumæla.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og inn- heimtu þungaskatts f. h. viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vega- gerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um  
söluskatt með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 431/1978, orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða vingerðar, kex og annarra iburðarmeiri brauðvara er falla undir tollskrárnúmer 19.08.03—09 ef þær innihalda 20% eða meira af kakói miðað við þyngd, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald.

**2. gr.**

**Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um sölu-  
skatt með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.**

*Fjármálaráðuneytið, 28. maí 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*